

Spjaldtölvur í kennslu

Í september 2015 hóf Álfhólsskóli, eins og aðrir grunnskólar í Kópavogi, innleiðingu á spjaldtölvum til notkunar í námi. Kennarar fengu spjaldtölvur í byrjun júní 2015 og nemendur í 8. og 9. bekk fengu spjaldtölvur afhentar í byrjun september 2015. Um áramótin 2015-2016 fengu 6. og 7. bekkir spjaldtölvur og síðan voru allir nemendur á mið- og unglingastigi komnir með spjaldtölvur við upphaf skólaársins 2016-2017. Jafnframt eru um 40 spjaldtölvur í bekkjasettum fyrir nemendur og kennara á yngsta stigi skólans í Digranesi.

Allir kennarar skólans hafa tíma í vinnuramma sem nýtist fyrir þróun nýrra kennsluhátta. Mikil áhersla er innan skólans á að þróa kennsluhætti með hliðsjón af notkun spjaldtölvunnar. Kennarar eru mislangt komnir í þeirri þróun en mikil gróska er í þróun og nýjungum þegar að notkun spjaldtölvu í kennslu kemur. Einn kennari sinnir tölvuumsjón með áherslu á að styðja við innleiðingu spjaldtölvunnar. Innan skólans er starfandi leiðtogateymi sem stýrir innleiðingunni.